



UPPLÝSINGAHANDBÓK

NETTÓMÓT KEFLAVÍKUR

4. JÚNÍ 2022



netto

NETTÓMÓT KEFLAVÍKUR



DAGSKRÁ



-
- | | |
|--------------------|--|
| 9:00-12:30 | Leikir hjá öllum liðum. |
| 9:00-10:00 | Armbönd og vallarnesti afhent liðsstjórum |
| 9:00-16:00 | Hoppukastalar í Nettóhöllinni |
| 11:00/13:00 | Bíóferð á myndina Eldhugi |
| 12:00-13:30 | Hádegismatur frá Skólamat |
| 13:30-16:30 | Leikir hjá öllum liðum |
| 16:45-17:00 | Pizzaveisla frá Langbest |
| 17:00-17:20 | Verðlaunaafhending og skemmtun með Jóni Jónssyni. |
-



nettó



MÓTAFYRIRKOMULAG

Leikjafjöldi

Öll lið spila 7 leiki á mótinu en liðin spila 3-4 leiki um morguninn, fara svo í bíó og hádegismat og spila aftur 3-4 leiki seinnipartinn. Við skiptum liðunum í tvö holl í bíó, kl. 11 og 13. Þeir sem fara seinna í bíó spila þá örlítið lengur um morguninn og þeir sem fara fyrr í bíó byrja aftur á undan hinum eftir bíóið. Öll lið spila bæði inni í Nettóhöllinni og úti á nýja gervigrasinu aftan við höllina. Liðin spila annaðhvort fyrir hádegi inni og eftir hádegi úti eða öfugt.

Leiktími

Leiktími er 1x12 mínútur. Leikir eru flautaðir á og af á sama tíma. Gefnar eru 3 mínútur á milli leikja. Leiktími er aldrei stöðvaður, ef upp koma meiðsli biðjum við þjálfara um að skipta inná.

Nöfn liða

Öll lið frá hverju félagi fá hvert sitt heiti frá mótshöldurum. Heiti liða eru í höfuð á Landsliðskonum Íslands. Þetta er gert í stað þess að hafa liðin númeruð. Í stað þess að lið heiti Keflavík1 þá heitir liðið sem dæmi KeflavíkSBG (Sara Björk Gunnarsdóttir). Hver styrkleikariðill heitir eftir Landsliðskonu og öll lið í þeim riðli fá þá hennar skammstöfun.

Leikreglur

- Leikið er eftir helstu reglum KSÍ.
- Innspörk eru tekin í stað innkasta.
- Markmaður má leggja boltann á jörðu og senda eða kasta út.
- Í markspyrnum og þegar markmaður hefur tekið boltann með höndum þá bakka andstæðingar aftur að miðju.

Verðlaun

Á mótinu eru ungar fótboltastelpur að stíga sín fyrstu skref. Úrslit leikja eru skráð niður en allir þátttakendur fá sömu verðlaun fyrir sína frammistöðu og því allir sigurvegarar.



HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Afhending mótsgagna

Í upphafi mótsins er ætlast til að einn liðsstjóri frá hverju liði fari á 2.hæð Nettóhallar og sækji þátttökuarmbönd og vallarnesti fyrir hvert lið.

Hádegismatur

Hádegismaturinn er í matsal Holtaskóla sem er í göngufæri frá Nettóhöllinni, hliðina á Íþróttahúsinu í Keflavík. Upplýsingar um ofnæmi má senda á solrun@keflavik.is

Bíóferð

Bíóferðir eru kl. 11 og kl. 13. Hvert lið fær úthlutað tímasetningu, hvert félag fer ekki allar saman í bíó heldur er þetta skipt eftir riðlum. Einn liðsstjóri getur fylgt hverju liði í bíó. Þátttakendur fá popp og svala þegar þau koma í bíóið. Sjoppa er lokað og við biðjum félög að vera ekki með aðrar veitingar í bíóinu.

Hoppukastalar

Í Nettóhöllinni verða hoppukastalar sem iðkendur geta leikið sér í á milli leikja þegar tími gefst til.

Lokahóf

Að móti loknu verður lokahóf í íþróttahúsinu í Keflavík en það er í um 200m fjarlægð frá Nettóhöllinni. Þar er byrjað á pizzaveislu frá Langbest og svo skemmtun með Jóni Jónssyni. Að lokum fá þátttakendur verðlaunapening og gjöf frá Nettó.

Myndataka

Teknar verða liðsmyndir af liðum og iðkendum á meðan á mótinu stendur. Heimili foreldrar ekki myndatökur af sínu barni vinsamlegast tilkynna það á solrun@keflavik.is.



FYRIRKOMULAG Í HÁDEGISMAT OG BÍÓ

Bíó og hádegismatur

Einungis einn liðsstjóri má fylgja hverju liði í hádegismat og bíó.

Eftirfarandi riðlar: Glódís Perla, Karólína Lea, Dagný Brynjars og Alexandra Jóhanns fara í bíó kl. 11 og hádegismat í Holtaskóla kl. 12:30.

Eftirfarandi riðlar: Sveindís Jane, Gunnhildur Yrsa, Hallbera Guðný og Sandra Sigurðar fara í hádegismat í Holtaskóla kl. 12:00 og bíó kl. 13:00

Lokahóf - Íþróttahúsið í Keflavík.

Lokahófið hefst að öllum leikjum loknum í Íþróttahúsinu í Keflavík en það er í um 200m fjarlægð frá Nettóhöllinni. Fyrst fá allir þátttakendur pizzu frá Langbest og síðan verður skemmtun með Jóni Jónssyni og verðlaunaafhendin.

Liðsstjóri sækir verðlaun til að afhenda sínu liði.



Vallarkort



Gervigrasvöllur



